



Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit

STARFSLEYFI

fyrir bensínstöð að Starengi 2

Nafn leyfishafa: Atlantsolía ehf.

Heimilisfang: Lónsbraut 2

Póstnúmer: 220

Kennitala: 590602-3610

Útgáfudagur leyfis: 22. mars 2019

Gildir til: 22. mars 2031

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða.

Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og skilyrðum heilbrigðinefndar Reykjavíkur fyrir bensínstöðvar.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Ef starfsleyfið er gefið út til lengri tíma en fjögurra ára er heimilt að endurskoða það á fjögurra ára fresti. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 22. mars 2019



Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis fyrir

Atlantsólía ehf.

kt. 590602-3610

Lónsbraut 2, 220 Hafnarfjörður

Starfsleyfi fyrir bensínstöð (sjálfsafgreiðslustöð) að Starengi 2.

1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur móttók þann 21.2.2019 umsókn Atlantsólíu ehf. kt. 590602-3610, um starfsleyfi fyrir bensínstöð með sjálfsafgreiðslu að Starengi 2. Um eigendaskipti er að ræða.

Móttaka umsóknar var auglýst á heimasíðu Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER), www.reykjavik.is/thjonusta/heilbrigðiseftirlit-reykjavikur, þann 22.2. 2019. Þá lá fyrir tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Þar sem um einfaldan rekstur er að ræða, sbr. heimild í auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar, er lagt til að um starfsemina gildi almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir bensínstöðvar.

2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðapróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Hér er um að ræða eigendaskipti á starfsemi sem var í fullum rekstri og með gilt starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Starfsemin er í samræmi við gilt deiliskipulag. Ekki þótti ástæða til að leita umsagnar byggingarfulltrúa.

3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur í umboði heilbrigðisnefndar að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir Atlantsólíu ehf. fyrir starfsemi bensínstöðvar með sjálfsafgreiðslu að Starengi 2, á heimasíðu Heilbrigðiseftirlitsins. Auglýsingin var birt þann 22.2. sl. og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 21.03 sl.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.



5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

6. Ákvörðun heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis

Í samræmi við viðauka 2.2 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 715/2013, sjá samþykkt nr. 1052/2015 um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 715/2013, var ofangreind starfsleyfisumsókn Atlantsolíu ehf. tekin fyrir á 1363. afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur þann 22.03. sl. og samþykkt að gefa út starfsleyfi fyrir starfsemina til 12 ára.

7. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðiseftirlitsins í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Reykjavík, 22.03.2019.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur,

Árný Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri



Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi

1. Gildissvið og almenn ákvæði

- 1.1 Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi eru gefin út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur eftirlit með starfseminni.
- 1.2 Handhafi starfsleyfis skal vera sá einstaklingur eða lögaðili sem rekur eða stýrir þeirri starfsemi sem starfsleyfið nær til, hér eftir kallaður rekstraraðili. Rekstraraðila ber að sjá til þess að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda og ákvæði starfsleyfisskilyrða. Rekstraraðili ber ábyrgð á að starfsemin fari með þeim hætti að hvorki fólki né umhverfi stafi hættu af.
- 1.3 Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða ef mengun er meiri en búast mátti við. Sama gildir ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi eða fram kemur ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna, samanber gr. 5 í rgl. 550/2018.
- 1.4 Um endurskoðun á starfsleyfisskilyrðum skal fara skv. ákvæðum í gr. 14 í reglugerð nr. 550/2018.
- 1.5 Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ber að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Ef rekstraraðili fyrirhugar að gera breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem varðað geta starfsleyfið ber honum að tilkynna Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um það með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara, sbr. gr. 13 í rgl. 550/2018. Heilbrigðiseftirlitið metur upplýsingarnar innan fjögurra vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega um það hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.
- 1.7 Öll mengunaróhöpp þar sem hættuleg efni eða spilliefni berast í fráveitu, jarðveg, sjó eða yfirborðsvatn ber tafarlaust að tilkynna Heilbrigðiseftirlitinu.
- 1.8 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um úrbætur getur Heilbrigðiseftirlitið beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.9 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.10 Um opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer skv. gr. 57 í rgl. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.11 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af skilyrðunum skal ávallt tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.



- 1.12 Almennitur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

2. Lóð, athafnasvæði og húsnæði

- 2.1 Rekstraraðila er skylt að halda athafnasvæði, lóð og húsnæði hreinu og snyrtilegu og gæta þess að athafnasvæðið mengist ekki eða þar safnist fyrir úrgangur, svo og hlutir og búnaður sem ekki eru í notkun eða eru starfsemi óviðkomandi. Sorpgeymslur og ílát undir úrgang skulu standast kröfur Heilbrigðiseftirlitsins. Girðingum skal haldið við.
- 2.2 Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur fengið til afnota. Notkun lóðar og húsnæðis skal samrýmast því skipulagi og notkunargildi sem skipulags- og byggingaryfirvöld hafa samþykkt. Heilbrigðiseftirlitið getur krafist þess að lóð eða svæði innan hennar sé afgirt.
- 2.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

3. Meðferð hættulegra efna

- 3.1 Geyma skal öll hættuleg efni á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið ónæði, heilsutjóni eða umhverfisskaða. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að efnavara eða stök efni séu geymd í læstum hirslum
- 3.2 Hættuleg efni skulu ekki geymd utandyra nema tryggt sé að mönnum og umhverfi stafi ekki hættu af þeim.
- 3.3 Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.
- 3.4 Umbúðir hættulegra efna skulu merktar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablanda.
- 3.5 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum.
- 3.6 Heilbrigðiseftirlitið getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á varasömum efnum. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, á efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

4. Meðferð úrgangs og spilliefna

- 4.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er.
- 4.2 Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Meðal annars skulu einstakar gerðir úrgangs flokkaðar sérstaklega sé það nauðsynlegt til að endurnotkun eða endurnýting geti farið fram.



- Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.
- 4.3 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.
 - 4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð traust ílát sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.
 - 4.5 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.
 - 4.6 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings viðkomandi úrgangs.
 - 4.7 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu aðgengilegar við eftirlit í fyrirtækinu.
 - 4.8 Leggist starfsemin niður skal öllum spilliefnum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir spilliefni.
 - 4.9 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni m.s.br. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs m.s.br.

5. Mengunarvarnir

- 5.1 Öll losun mengandi efna er óheimil án tilskilinna leyfa.
- 5.2 Rekstraraðila ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að vatn, loft eða jarðvegur mengist. Halda skal í lágmarki mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa. Rekstraraðila er skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur í mengunarvörnum þ.á.m. uppsetningu mengunarvarnabúnaðar, s.s. hreinsunarbúnaðar, loftútrása og hávaðavarna.
- 5.3 Ástand véla og tækja skal vera með þeim hætti að ekki valdi meiri mengun en ella. Ástand og eftirlit með mengunarvarnabúnaði skal vera þannig að búnaðurinn virki eins vel og kostur er.
- 5.4 Rekstraraðila ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og til þess sé beitt bestu aðgengilegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind. Orku skal nýta vel.
- 5.5 Heilbrigðiseftirlitið getur farið fram á að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunaróhappa. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.
- 5.6 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að draga úr hávaða og koma í veg fyrir ónæði og heilsuspillandi áhrif af völdum hávaða frá starfseminni. Um hávaða fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.



- 5.7 Starfseminni skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu ónæði, óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna mengunar. Komi upp vandamál vegna lykta eða mengandi efna frá útblæstri, er rekstraraðila skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur, s.s. uppsetningu hreinsibúnaðar eða hærri útrásar. sbr. gr. 5.2.
- 5.8 Þar sem fljótandi mengandi efni eru til staðar s.s. hættuleg efni, olíuefni og spilliefni skal undirlag vera vökvahelt og viðbragðsbúnaður hafður til taks, s.s. ílát og efni eða búnaður sem sýgur í sig vökva. Uppsogsgeta búnaðar skal taka mið af magni efna sem geymd eru á staðnum og eðli. Þar sem mikið magn framangreindra efna er til staðar skal auk þess hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að efnin geti borist í niðurföll. Heilbrigðiseftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert kröfu um búnað, s.s. safntank eða lokubúnað á olíuskilju til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í fráveitu ef óhapp verður. Ef óhapp á sér stað skal leggja áherslu á að hefta útbreiðslu efnanna við uppsprettu og ná þeim upp áður en þau komast í frárennsli.
- 5.9 Við rekstur olíugeyma, meðhöndlun, notkun og geymslu á olíu, lýsi og grút, lífdísel og öðru lífheldsneyti, íblöndunarefni eða lífrænum leysum sem hafa svipaða eiginleika og olía og úrgangur þessara efna er meðhöndlaður eða geymdur ber að fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, m.s.br.
- 5.10 Þar sem neyslu-, húsa- eða lausageymar eru í notkun skulu vera öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir.
- 5.11 Neyslugeymar sem notaðir eru fyrir áfyllingu á farartæki skulu vera með yfirfyllingarviðvörðun eða yfirfyllingavörn. Afgreiðsluplan tengt olíuskilju skal vera við neyslugeyma til afgreiðslu á ökutæki, sbr. þó undanþáguákvæði í gr. 41. í rgl. 884/2017. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og gildandi stöðlum sbr. viðauka II í rgl. 884/2017. Olíu- og sandskiljur skal skoða og yfirfara reglulega, en þó eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti, og tæma og hreinsa eftir þörfum með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um olíuskiljur.
- 5.12 Gengið skal þannig frá neyslugeymum að ekki geti orðið sjálfrennsli frá þeim.
- 5.13 Neyslugeymir skal útbúinn afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirfylling á sér stað. Afgreiðslubyssur skulu þannig útbúnar að ekki sé hægt að festa þær í opinni stöðu á milli afgreiðslna.
- 5.14 Þar sem olíuefni af jarðefnaolíuuppruna eru notuð skal koma í veg fyrir að þau berist út í umhverfið. Ef gera má ráð fyrir að olíuefni berist í frárennsli skal frárennslið leitt um olíuskilju. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Á olíuskiljunni skal vera búnaður til að loka fyrir frárennsli frá henni, þannig að hægt sé að safna þar olíu og dæla beint úr skiljunni verði stórfellt óhapp.
- 5.15 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, ásamt síðari breytingum.
- 5.16 Að öðru leyti skal fylgja ákvæðum rgl. 860/2000 um amalgammengað vatn og amalgammengaðan úrgang frá tannlæknastofum, rgl. nr. 920/2016 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmslofti og upplýsingar til almennings, rgl. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) ásamt síðari breytingum, rgl. 787/1999 um loftgæði, rgl. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, rgl. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, rgl. 798/1999 um fráveitur og skólþ, rgl. 799/1999 um meðhöndlun seyru, rgl. 804/1999 um varnir gegn



mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og rgl. 809/1999 um olíuúrgang.

6. Eigið eftirlit og skráningar

- 6.1 Rekstraraðili skal hafa eftirlit með öllum rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun. Jafnóðum skal skrá og geyma upplýsingar um:
- Eftirlit með, úttektir, prófanir, bilanir og viðhald á mengunarvarnabúnaði, þ.m.t. hreinsun á síum, olíuskiljum, skorsteinum og loftrásum.
 - Öll mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
 - Magn (kg,l) og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila. Enn fremur nafn flutningsaðila og móttökustöðvar.
 - Annað sem ber að skrá skv. ákvæðum reglugerða eða sértækra starfsleyfisskilyrða.

7 Starfsemi hætt

- 7.1 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun og til hreinsunar lóðar. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með a.m.k. mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.
- 7.2 Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal rekstraraðili ganga úr skugga um hvort svo sé þegar starfsemin er lögð niður eða flutt. Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið.
- 7.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í rgl nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Samþykkt á 10. fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur 5.12.2018.



Starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir bensínstöðvar

1. Gildissvið og almenn ákvæði

- 1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir rekstur bensínstöðva í Reykjavík. Sérstaklega þarf að sækja um leyfi fyrir annan rekstur, s.s. þvotta- og bónstöð, smurstöð og matvæladreifingu. Starfsleyfisskilyrði þessi eru gefin út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðar breytingum, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi og reglugerð nr. 809/1999 um oliúrgang. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur er eftirlitsaðili með starfseminni. Um starfsemina gilda einnig Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi.
- 1.2 Handhafi starfsleyfis skal vera sá einstaklingur eða lögaðili sem rekur eða stýrir þeirri starfsemi sem starfsleyfið nær til, hér eftir kallaður rekstraraðili. Rekstraraðila ber að sjá til þess að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda og ákvæði starfsleyfisskilyrða. Rekstraraðili ber ábyrgð á að starfsemin fari fram með þeim hætti að hvorki fólki né umhverfi stafi hættu af. Rekstraraðila ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir eldsvoða, sprengihættu, leka eða mengunarslys vegna starfseminnar.
- 1.3 Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða ef mengun er meiri en búast mátti við. Sama gildir ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi eða fram kemur ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna, samanber gr. 5 í rgl. 550/2018.
- 1.4 Um endurskoðun á starfsleyfisskilyrðum skal fara skv. ákvæðum í gr. 14 í reglugerð nr. 550/2018.
- 1.5 Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ber að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Ef rekstraraðili fyrirhugar að gera breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem varðað geta starfsleyfið ber honum að tilkynna Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um það með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara, sbr. gr. 13 í rgl. 550/2018. Heilbrigðiseftirlitið metur upplýsingarnar innan fjögurra vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega um það hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.
- 1.7 Öll mengunaróhöpp þar sem hættuleg efni eða spilliefni berast í fráveitu, jarðveg, sjó eða yfirborðsvatn ber tafarlaust að tilkynna Heilbrigðiseftirlitinu.
- 1.8 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.9 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.10 Rekstraraðila bensínstöðvar ber að hafa tryggingu sbr. gr. 16 í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Staðfestingu á tryggingu skal framvísa í eftirliti.

- 1.11 Um opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer skv. gr. 57 í rgl. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.12 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af starfsleyfisskilyrðunum skal ávallt tiltækt á starfsstöðinni og ber rekstraraðili ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.
- 1.13 Almennigur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfisumsóknir, starfsleyfi og eftirlit í samræmi við ákvæði IV viðauka rgl. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

2. Lóð, athafnasvæði og húsnæði

- 2.1 Notkun, viðhald og umgengni á lóð, athafnasvæði og húsnæði skal vera í samræmi við kröfur í kafla 2 í Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi.

3. Meðferð hættulegra efna, úrgangs og spilliefna

- 3.1 Almenn meðferð hættulegra efna, úrgangs og spilliefna skal vera í samræmi við ákvæði í köflum 3 og 4 í Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi.

4. Mengunarvarnir og búnaður á bensínstöð

Auk neðangreindra ákvæða gilda um starfsemina ákvæði í kafla 5 um mengunarvarnir í Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi.

4.1 Olúgeymar og lagnir:

- 4.1.1 Olúgeymar sem teknir eru í notkun á afgreiðslustöðvum fyrir eldsneyti skulu hannaðir, smíðaðir og prófaðir í samræmi við gildandi staðla um olúgeyma.
- 4.1.2 Neðanjarðar stálgeymar án lekavarnar sem eru í notkun við gildistöku reglugerðar 884/2017 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi á landi skulu þykktarmældir á 10 ára fresti miðað við dagsetningu síðustu þykktarmælingar. Að öðrum kosti skulu þeir teknir úr notkun. Þó skulu neðanjarðargeymar, einfaldir úr stáli og án lekavarnar, þykktarmældir í fyrsta skipti eigi síðar en 1. janúar 2020, samkvæmt áætlun sem eigandi gerir og heilbrigðisnefnd samþykkir. Þykktarmælingar skulu framkvæmdar í samræmi við ákvæði í gr. 24 í rgl. 884/2017 eða samkvæmt öðrum aðferðum sem Umhverfisstofnun metur jafngildar.
- 4.1.3 Eftirlit skal haft með leka úr öllum neðanjarðargeymum á mánaðarfresti. Lekaftirlit skal að jafnaði vera birgðauppgjör.
- 4.1.4 Ef notuð er varnarpró á nýrri bensínstöð skal þróin vera undir neðanjarðarolíugeymum, leiðslum og afgreiðslubúnaði og geta tekið við leka, sem samsvarar a.m.k. rúmtaki stærsta geymisins. Varnarpró skal vera þétt og úr varanlegu efni sem þolir viðkomandi eldsneyti.
- 4.1.5 Fyrir hverja varnarpró geyma skal vera a.m.k. einn eftirlitsbrunnur fyrir lekaeftirlit og skal botn þróarinnar halla inn undir brunninn. Á eftirlitsbrunnnum skal vera læst og vandað lok sem auðkennt er sérstaklega.
- 4.1.6 Um gerð og umbúnað olúgeyma og lekavörn ber að fylgja ákvæðum gr. 25.-27. í rgl. nr. 884/2017 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi á landi.

- 4.1.7 Tilkynna skal Heilbrigðiseftirlitinu skriflega þegar fyrirhugað er að grafa upp og fjarlægja geyma. Slíkri tilkynningu skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um viðkomandi geyma og notkun þeirra frá upphafi, m.a. birgðauppgjör hvers árs frá fyrsta útgáfuári starfsleyfisins. Einnig skal fylgja viðbragðsáætlun þar sem gerð er grein fyrir hvernig brugðist verði við olíumengun ef hún kemur í ljós við uppgröftinn. Í áætluninni skal tilgreina aðferðir sem nota á til að afmarka mengunina, meðferð mengaðs jarðvegs, förgunaraðferð og förgunarstað. Ennfremur aðra aðila er að málinu er ætlað að koma, hlutverki þeirra ásamt símanúmerum. Gera skal Heilbrigðiseftirlitinu viðvart áður en uppgröftur hefst og áður en taka á gömlu geymana upp úr gryfjunni, svo fulltrúi þess geti komið til eftirlits. Niðurrif olíugeyma, olíuskilja og lagna er byggingarleyfisskylt.
- 4.1.8 Þegar olíugeymir er tekinn varanlega úr notkun skal rekstraraðili innan sex mánaða fjarlægja olíugeyminn, ásamt lögnum honum tengdum og meðhöndla í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs. Sé jarðvegur olíumengaður ber að meðhöndla hann á viðunandi hátt að mati heilbrigðisnefndar og á kostnað rekstraraðila. Heilbrigðisnefnd getur, ef ríkar ástæður krefja, heimilað að gengið sé frá olíugeymi á staðnum, ásamt lögnum honum tengdum, í samræmi við fyrirmæli heilbrigðiseftirlits.
- 4.1.9 Olíulagnir á afgreiðslustöðvum fyrir eldsneyti/bensínstöðvum skulu vera í samræmi við gildandi staðla um olíulagnir, sbr. viðauka II í reglugerð nr. 884/2017 og gengið frá þeim með viðurkenndu verklagi. Olíulagnir bensínstöðva skulu að jafnaði vera neðanjarðar. Gengið skal frá olíulögnum með þeim hætti að þoli það álag sem búast má við.
- 4.1.10 Á olíulagnir sem eru undir þrýstingi skal tengja þrýstivaka og brotloka.
- 4.1.11 Rekstraraðili skal á tíu ára fresti láta lekaprófa olíugeyma og olíulagnir sem ekki eru í lekavörn. Jafnframt skal gera úttekt á búnaðinum og skrá í rekstrarhandbók.
- 4.1.12 Þrýstiprófa skal olíulagnir eftir breytingar og viðgerðir. Niðurstöður prófana skal skrá í rekstrarhandbók stöðvarinnar.

4.2 Geymsla á bensíni og olíum

- 4.2.1 Bensín skal eingöngu geymt á neðanjarðargeymum. Aðrar olíur skal að jafnaði geyma á neðanjarðargeymum ef geymarnir eru stærri en 1.500 L. Einungis er heimilt að nota ofanjarðargeyma til geymslu fyrir aðrar olíur ef þeir eru varðir gegn hugsanlegum skemmdum af völdum ökutækja og staðsettir innan aðrennslissvæðis olíuskilju.
- 4.2.2 Heilbrigðisnefnd getur heimilað að bensín og aðrar olíur séu geymdar tímabundið á ofanjarðargeymum stærri en 1.500 L t.d. vegna framkvæmda við stöðina. Sækja þarf sérstaklega um leyfi fyrir slíku til heilbrigðiseftirlits. Með umsókn skal fylgja afstöðumynd sem sýnir hvar geymar eiga að vera, upplýsingar um árekstrarvarnir, lekavarnir, frágang geyma, ástæðu umsóknar og um til hve langs tíma er sótt um leyfi.

4.3 Afgreiðslu- og áfylliplön og búnaður til áfyllinga á geymum.

- 4.3.1 Afgreiðslu- og áfyllingarplön skulu vera úr lekaheldu og olíuheldu efni og frárennsli frá þeim skal leitt í olíuskilju. Afgreiðslu- og áfyllingarplön skulu ekki taka við afrennsli frá stærra svæði en olíuskiljan er hönnuð til að afkasta.

- 4.3.2 Áfyllipúlt skal gert úr efni sem ver áfyllistúta fyrir hnjaski og þolir olíur. Púltið skal vera með þéttum botni og afrennsli í olíuskilju eða standa á áfylliplani þannig að afrennsli frá púlti fari í frárennsli plansins. Púltið skal vera læst að jafnaði þannig að óviðkomandi komist ekki auðveldlega að áfyllibúnaðinum.
- 4.3.3 Samskeyti áfyllingaröngu olíuflutningarbifreiðar og áfyllingarstúta skulu vera þétt.

4.4 Mengunarvarnarbúnaður

- 4.4.1 Olíu- og sandskiljur skulu vera í samræmi við gildandi staðla hverju sinni, sbr. viðauka II í rgl. 884/2017. Fylgja skal leiðbeiningum Umhverfisstofnunar við val á skiljum, uppsetningu þeirra og frágangi við þær. Frárennsli frá olíuskiljum skal leitt í skólpráveitu nema heilbrigðisnefnd heimili annað.
- 4.4.2 Olíu- og sandskiljur skal skoða og yfirfara reglulega, en þó eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti, og tæma og hreinsa eftir þörfum með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um olíuskiljur. Alla þjónustu, eftirlit og viðhald á olíu- og sandskiljum skal skrá og dagsetja í rekstrarhandbók stöðvarinnar. Olíuskiljur skulu búnar sjálfvirkri vöktun. Sé ekki sjálfvirk vöktun á olíuskilju skal mæla a.m.k. mánaðarlega vökva í olíuskilju.
- 4.4.3 Prófa skal virkni olíuskilju með mælingu á olíu í frárennsli skiljunnar. Olía í frárennsli má að hámarki vera 15 ppm (mg/kg). Mæla skal að lágmarki þriðja hvert ár en oftár ef vafi leikur á að kröfur séu uppfylltar.
- 4.4.4 Olíugeymar og olíuskiljur skulu vera með útloftun. Loftunarrör geyma og olíuskilja skulu vera a.m.k. 3 m á hæð og/eða 0,5 m hærri en olíubifreiðin sem notuð er við áfyllingar. Loftunarrör skulu staðsett þar sem loftskipti eru góð og vera fjarri loftinntaki og gluggum húsa þannig að lykt valdi ekki ónæði í nágrenni stöðvarinnar.
- 4.4.5 Sjálfvirkur búnaður, svo sem namar, lokar o.þ.h. skal prófaður a.m.k. árlega. Staðfestingu á prófunum skal leggja fram í eftirliti.
- 4.4.6 Á mönnuðum bensínstöðvum skal vera tiltækur mengunarvarnarbúnaður til að bregðast við minni mengunaróhöppum. Þjálfar þarf starfsmenn í notkun búnaðarins. Rekstraraðili ómannaðra bensínstöðva skal tryggja getu til að bregðast við áþekktum mengunaróhöppum.

4.5 Afgreiðslubúnaður

- 4.5.1 Afgreiðslutæki skulu staðsett á upphækkuðum steinsteyptum undirstöðum eða vera á annan hátt tryggilega varin gegn hugsanlegum skemmdum af völdum ökutækja.
- 4.5.2 Afgreiðslubyssa á slöngu afgreiðslutækis skal þannig útbúin að hún loki fyrir rennsli þegar olíugeymir farartækis fyllist. Á slöngu skal vera slitöryggi sem lokar fyrir flæði eldsneytis. Olíuslängur afgreiðslutækja skulu ekki liggja á jörðinni.
- 4.5.3 Á ómönnuðum bensínstöðvum skulu afgreiðslubyssur þannig útbúnar að ekki sé hægt að festa þær í opinni stöðu á milli afgreiðslna.
- 4.5.4 Við afgreiðslutæki, áfyllingu og útöndum olíugeyma og olíuskilju skulu vera skilti sem gefa til kynna að óheimilt sé að reykja, nota farsíma og hafa vélar

farartækja í gangi á meðan á afgreiðslu þeirra stendur. Við afgreiðslutæki skulu vera leiðbeiningar með upplýsingum um neyðarsímanúmer.

4.6 Viðbragðsáætlanir, þjálfun og fræðsla starfsfólks

4.6.1 Á bensínstöðinni skal vera til viðbragðsáætlun með fyrirmælum um viðbrögð ef til mengunaróhapps kemur, sbr. kafla VI um viðbrögð við mengunaróhöppum í rgl. 884/2017. Áætlunin skal einnig uppfylla ákvæði laga um varnir gegn mengun hafs og stranda um viðbrögð við bráðamengun. Áætlunin skal liggja frammi á áberandi stað fyrir starfsmenn. Starfsmenn stöðvarinnar sem sinna bensínafgreiðslu og starfsmenn rekstraraðila sem þjónusta stöðina skulu fá kennslu og þjálfun í viðbrögðum við mengunaróhöppum, hvernig hindra má íkvikun og draga úr útbreiðslu bruna og myndun mengunarefna. Æfingar skulu veita þekkingu á aðgerðum gegn olíumengun og æfingu í að kalla út þá aðila sem sjá um viðbrögð vegna mengunaróhappa. Í áætluninni skulu einnig vera upplýsingar um tilkynningarskyldu við óhöppum og köllunarskrá. Skrá skal þjálfun starfsmanna í rekstrarhandbók stöðvarinnar. Uppfæra skal viðbragðsáætlunina eftir því sem við á við breytingar á starfsemi, aðstæðum eða eignum á stöðinni.

4.6.2 Yfirmenn stöðva, vaktstjórar og útimenn svo og bifreiðastjórar olíuflutningabíla skulu settar starfsreglur af eiganda eða rekstraraðila eftir því sem við á. Þeir skulu fá reglulega þjálfun á tæki og öryggisbúnað sem gerir þá hæfa til þess að vinna á stöðinni. Starfsmenn bensínstöðva skulu einnig fá kennslu og þjálfun í viðbrögðum við mengunaróhöppum. Þjálfun starfsmanna skal skrá í rekstrarhandbók.

4.7 Rekstrarhandbók

4.7.1 Rekstraraðili skal halda rekstrarhandbók fyrir hverja bensínstöð og skal hún vera aðgengileg fyrir eftirlitsaðila. Skráningar í rekstrarhandbók er heimilt að vista miðlægt. Í handbókinni skulu koma fram tæknilegar upplýsingar um helstu mannvirki svo og olíugeyma, olíu- og sandskiljur, olíulagnir og lagnakerfi, þ.m.t. fráveitulagnir, mengunarvarnir, slökkvibúnað, útsláttarrofa fyrir dælubúnað, dælu- og rafbúnað ásamt afstöðumynd stöðvarinnar.

4.7.2 Í rekstrarhandbókina skal skrá innra eftirlit s.s.:

- eftirlit með lekum,
- birgðauppgjör,
- mælingar í olúskilju og lekavörn eftir því sem við á,
- eftirlit með millibyrði á tvöföldum geymum,
- eftirlit, prófanir, bilanir, breytingar og viðhald á tækjum og búnaði stöðvarinnar, þ.m.t. mengunarvarnarbúnaði,
- þrýsti- og lekaprófanir á geymum og lögnum,
- þykktarmælingar á geymum,
- árlegar prófanir á sjálfvirkum búnaði s.s skynjunar- og viðvörunarbúnaði og yfirfyllingarvörn,
- óhöpp sem leitt hafa til mengunar eða mengunarhættu,
- fræðslu og þjálfun starfsmanna
- önnur atriði fleira eftir ákvörðun Heilbrigðiseftirlitsins.

5. Starfsemi hætt.

- 5.1 Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur ef starfsemin er lögð niður með a.m.k. mánaðar fyrirvara.
- 5.2 Ef starfsemin er lögð niður skal fara með olúgeyma í samræmi við gr. 4.1.7 og 4.1.8.
- 5.3 Að öðru leyti skal fylgja ákvæðum í kafla 7 í almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi þegar starfsemi er hætt.

6. Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði í gr. 4.4.2 er heimilt að olúskiljur sem eru til staðar við gildistöku rgl. 884/2017 verði ekki útbúnar sjálfvirkum viðvörunarbúnaði fyrr en fimm árum eftir gildistöku reglugerðarinnar eða í nóvember 2022.

Samþykkt á 10. fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur 5.12.2018.